

## AUGLÝSING um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt skipulagsáætlanir sem hér segir:

*Heytjarnarheiði, L252202, L125204 – 540/541-F.*

Tillaga að nýju deiliskipulagi sýnir tvær nýjar frístundalóðir við Heytjarnarheiði. Lóðirnar eru 10.871 m<sup>2</sup> og 17.264 m<sup>2</sup>. Í samræmi við aðalskipulag Mosfellsbæjar má byggja eitt frístundahús og gestahús á lóð mest 200 m<sup>2</sup> á hvorri lóð. Aðkoma er um Lynghólsveg.

*Heytjörn, L125365 – 525-F.*

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að við Lynghólsveg 23 er byggingarreitur aðlagður að þegar byggðu sumarhúsi og gerður er nýr byggingarreitur fyrir nýtt frístundahús. Við Lynghólsveg 19 er gert ráð fyrir nýjum byggingarreit fyrir aðstöðuhús. Annað í skipulaginu er óbreytt.

*Bugðufljót 2 – 201-A.*

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að nýrri innkeyrslu lóðar er bætt við vegna landhalla. Ný viðbótar aðkoma er vestan við lóð frá Bugðufljóti. Annað í skipulaginu er óbreytt.

Ofangreind skipulagsmál hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*F. h. Mosfellsbæjar, 16. júní 2021,*

**Kristinn Pálsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 18. júní 2021